

Mosfelllingur

Frjálst og óháð fréttablað

Ábyrgðarmaður: Karl Tómasson - 10. tbl. 4. árg. föstudagur 19. ágúst 2005. - Útgefandi: Mosfelllingur ehf. Álafossvegi 18. Sími: 897-7664.



Ljósmynd: K. Tómm.

Eins og flestir vita hefur staðið yfir fornleifauppgröftur á Hrísrú í Mosfellsdal undanfarin sumur. Á myndinni má sjá Jesse Byock sem stjórnað hefur uppgröftunum frá upphafi með frábærum árangri.

Stórmerkur fornleifafundur

Nú virðist ljóst að enn einn stórmerkur fornleifafundur hefur átt sér stað á Hrísrú. Rétt í þann mund er fornleifafræðingarnir voru að ganga frá rústunum eftir vinnuna í sumar komu þeir niður á stólpa, vegg og gólf sem benda til þess að á staðnum hafi verið mjög stór bygging eða skáli. Allt er þetta einstaklega heillegt og án vafa einn merkasti fornleifafundur seinni tíma.

„Þetta er gersemi sem að maður hefði aldrei ímyndað sér að hefði varðveist svo vel“ sagði Jesse Byock fornleifafræðingur sem stýrt hefur rannsóknunum á Hrísrú undanfarin ár.

Á bls. 12 er ýtarlegt viðtal við Jesse um fornleifauppgröftinn á Hrísrú undanfarin sumur.

næstu síðu
next page →

Fornleifauppgröfturinn að Hrísrú

„Ég er mjög ánægður með árangur sumarsins“
segir Jesse Byock fornleifafræðingur

Eins og flestir vita hefur staðið yfir á Hrísrú í Mosfellsdal stórmerkur fornleifauppgröftur undanfarin sumur. Uppgreftrinum hefur verið stjórnað af fornleifafræðingnum Jesse Byock. Jesse er prófessor í norrænum fræðum og fornleifafræði við Kaliforníuháskóla og kom til Íslands í fyrsta skipti fyrir um það bil 30 árum. Þess má geta að á síðasta ári veitti Alþingi honum íslenskan ríkisborgararétt.

Mosfellingur náði tali af Jesse á Brúarlandi þar sem fornleifafræðingarnir hafa haft aðsetur undanfarin sumur.



Jesse Byock, Phillip Walker (lengst til vinstri) og Dagfinn Skre ásamt nemum við rústinna á Hrísrú.

Hvenær hófst þú störf við uppgröftin á Hrísrú?

„Árið 1995 gerði ég forkönnun að Mosfelli og á fleiri stöðum í Dalnum. Það var svo árið 2001 sem starfið hófst að fullum krafti á Hrísrú með aðkomu og stuðningi Mosfellsbæjar að verkefninu.“

Ert þú ánægður með þann árangur sem hefur náðst fram að þessu?

„Það er óhætt að segja að hann sé framar björtustu vonum. Síðastliðið sumar fannst kirkja sem að öllu líkindum er reist skömmu eftir Kristnitöku árið 1000. Um er að ræða stafkirkju, einstaka að því leyti að varðveist hafa betur en áður hefur sést stólpar og grunntré hússins, ásamt hleðslum. Þessi fundur er verulegur hvalreki fyrir byggingarsögu Íslands, enda kemur í ljós að frágangur og vinnubrögð við byggingu benda til séríslenskra úrlausna við bygginguna sem ekki þekkjast á Norðurlöndum frá sama tímabili. Það er því ljóst að fundur stafkirkjunnar er stórmerkur.

Þá er ljóst að kirkjan hefur verið staðsett á stað sem fyrir kristnitöku hefur verið notaður við greftranir eða brennu látinna, því þar hefur fundist eina brunagröfin sem fundist hefur á Íslandi. Niðurstöður rannsókna sýna með óyggjandi hætti að maður hefur verið brendur á Hulduhól, skipslöguðum hól sem liggur skammt frá kirkjugarðinum. Það er ekki ólíklegt að einn af fyrstu höfðingjum Mosfellsbæjar hafi verið brendur þarna.

Í garðinum kringum kirkjuna hefur fundist fjöldi beinagrinda. Frá því uppgröftur hófst höfum við fundið 22 beinagrindur sem m.a. hafa gefið okkur margvíslegar vísbendingar um lífnaðarhætti fólksins, það

er t.d. um: næringu, sjúkdóma, ofbeldi og hvar fólkið er fætt, enda beinist rannsóknin ekki síst að lífsskilyrðum og siðum fyrir og eftir Kristnitöku.

Með því að beita hátæknilegum mælingum á ísótópum, sem er ný greiningartækni í fornleifafræði, er hægt að mæla í beinum og tönnum hlutfall næringar á fyrstu æviárum einstaklinga. Niðurstaða hefur leitt í ljós að sjávarnitjar voru greinilega mikil uppistaða í fæðu á þessum tíma í kringum 1000. Við höfum einnig getað rakið sjúkdóma eins og berkla og krabbamein frá þessum tíma og við höfum séð merki mikils ofbeldis. Þar vegur þyngst fundur okkar í fyrrasumar af hausjúpi sem bar greinileg einkenni þess að hafa orðið fyrir þungu höggi eggvopns.

Enn fremur hefur verið rannsakað hvort einstaklingar eru fæddir hérlandis eða erlendis. Niðurstaðan er sú að að svo virðist sem að allir þeir sem bera bein sín í kirkjugarðinum á Hrísrú hafi verið fæddir hérlandis.

Með samvinnu fjölda vísindamanna úr margvíslegum fræðigreinum, svo sem almennri líffræði, frjórnarafræði, réttarlæknisfræði, sagnfræði, fornleifafræði, jarð- og landafræði hefur verið leitað eftir upplýsingum svo hægt sé að draga heildarmynd af búsetuskilyrðum frá þessum tíma, en það er meginmarkmið rannsóknarinnar. Rannsóknir síðastliðinna fimm ára eru líka farnar að skila verulegum árangri, sem styrkir þekkingu manna á smáatriðum og heildarmynd af lífi á Íslandi á landnámsöld. Í sumum tilfellum er um að ræða þekkingu sem ekki hefur komið fram áður.“

Eigum við eftir að finna silfur Egils?

„Það er eðlilegt að spurningar sem tengjast Agli Skallagrímssyni og Egilssögu komi upp. Vísindamenn vilja gjarnan víkja sér undan óyggjandi svörum um slíkt, en samsvörun fundar á kirkju og kirkjugarði við stóra kafla í Egilssögu eru sláandi, því er ekki að neita. Nú í sumar var farið undir kirkjugólfið og þar finnst gröf, en kistan hafði verið fjarlægð, enda finnast leifar hennar. Sá sem í gröfinni hefur legið hefur greinilega verið stór og mikill eins og fram kemur í öllum lýsingum, enda gröfin sú stærsta af þeim sem við höfum fundið á Hrísrú.“

Margir hafa velt vöngum um afdrif beina Egils. Egilssaga fjallar um þetta og víðar hefur það verið gert. Halldór Laxness stúderaði sögu Mosfellsdals á sínum tíma og færði í frásögn með sínum hætti í Innansveitarkróniku:

„Kirkja hafði að öndverðu verið reist undir Mosfelli á þeim stað sem síðar hefur heitið Hrísrú, og stóð þar uns skriða hljóp á túnið á 12tu öld; var þá flutt á hól einn leingra inn með fjallinu, Mosfellsstað sem nú heitir. Hrísrú varð leigukot í mosfellstúni vestan skriðunnar.

Þegar kirkjan var flutt fundust, að því er skrifað er, mannabein undir altarisstað í Hrísrúarkirkju hinni fornu; voru þau miklu meiri en annarra manna bein og fluttu mosdælir þau til Mosfells ásamt með kirkjunni og þóttust gamlir menn kenna þar bein Egils Skallagrímssonar.“

Fundur skálans hefur vafalaust verið skemmtilegur endir á vinnu sumarsins?

„Það var ánægjulegt að finna þetta og án vafa er þessi viðbótarfundur til að styrkja þá skoðun mína að hér sé um einn merkasta fornleifafund seinni tíma að ræða, þegar horft er til þessa tímabils, ekki bara eftir íslenskum mælikvarða heldur einnig þegar horft er til



Á myndinni sést veggurinn (hleðslan) greinilega af stóra skálanum.

rannsóknna og fornleifa á norrænum víkingaslóðum alls staðar í heiminum. Það dæmi ég alla vega af viðbrögðum kollega minna víða úr heiminum.

Þetta gerðist þannig að við vorum að fara að ganga frá eftir vinnu sumarsins þegar þessi bygging kom í ljós. Ljóst er að hún hefur varðveist svo vel vegna skriðunnar sem féll á hana. Það hefur verið ótrúlegt að finna þetta allt og sjá á einum stað og ég tel það einstakt.“

Koma fleiri en fornleifafræðingar að þessum rannsóknum?

„Að þessum rannsóknum hefur hópur vísindamanna komið frá fjölda landa og má til gamans geta þess að nú eru þegar fjórir af þeim að gera doktorsritgerð vegna þessa verkefnis við Háskólann í Kaliforníu. Þessi hópur hefur verið afar samstilltur og frábært að vinna með. Af þessu leiðir að um er að ræða margþættar rannsóknir svo hægt sé að ná þeim árangri að varpa ljósi á líf og lífnaðarhætti á landnámsöld, á mörkum kristni og heiðni og rannsóknin skipar sér þar með í hóp með stærri fornleifauppgröftum.“



Fornleifafræðingarnir að störfum í Brúarlandi. Fremst er Jesse Byock þá Davide Zori, Max Farrar og Sebastian Wärmländer.

Hvernig kannstu við þig hér í Mosfellsbæ?

„Okkur hefur liðið mjög vel í Mosfellsbæ og sjálfum finnst mér að ég sé hálfgerður Mosfellingur. Ég vil endilega fá að nota tækifærið og þakka þeim fjölda Mosfellinga sem hafa komið að þessu með mér. Bærinn hefur stutt þessar rannsóknir dyggilega og ég hef notið góðrar aðstoðar starfsmanna eins og Björns Þráins Þórðasonar og Davíðs B. Sigurðssonar. Eins hafa Magnús Guðmundsson, Bjarki Bjarnason, Valur Þorvaldsson og allir Dalbúar verið mér hjálplegir. Síðast en ekki síst vil ég þakka heimilisfólkinu á Hrisbrú þeim Andrési Ólafssyni, Ólafi Ingimundarsyni og Ásgerði Gísladóttur, en þeirra aðkoma að þessu mikla verkefni hefur verið ómetanleg.“ sagði Jesse Byock að lokum.



Jon Erlandson í gröf Egils, hún er áberandi stærst af þeim gröfum sem fundist hafa á Hrisbrú.



Phillip Walker í gröf að virða fyrir sér kjálka í einni gröfni.